

36
6. júlí

AUGLÝSING

um löggilding nýrrar lyfjaskrár.

Samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálaráðuneytisins hefir Hans hátign konunginum allramildilegast þóknast að ákveða, að Pharmacopoea Danica 1933 (Editio VIII) skuli löggilt til notkunar á Íslandi, þó svo, að ráðuneytinu skuli heimilt að veita undanþágur frá reglum lyfjaskrárinnar um nokkur áhöld til rannsókna og lyfjatilbúnings, eftir því, sem ástæður þykja til.

Samkvæmt framansögðu skulu allar lyfjabúðir á Íslandi frá birtingu auglýsingar þessarar að telja vera skyldar að hafa birgðir af öllum þeim læknislyfjum, er tilgreind eru í téðri lyfjaskrá.

Þetta birtist hér með öllum þeim, er hlut eiga að máli, til leiðbeiningar.

Í dómsmálaráðuneytinu, 6. júlí 1934.

Magnús Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

37
18. júlí

AUGLÝSING

um að samningurinn, sem prentaður er sem fylgiskjal með lögum nr. 21 24. marz 1934, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um gjaldþrotaskipti, skuli koma í gildi.

Fullgildingarskjöl að samningi þeim, sem gerður var í Kaupmannahöfn þann 7. nóv. 1933, milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um gjaldþrotaskipti, voru af hálfu allra samningsaðiljanna, afhent í Kaupmannahöfn þann 29. júní 1934.

Samkvæmt 17. gr. samningsins gengur hann því í gildi fyrir öll samningsríkin þann 1. janúar 1935.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 18. júlí 1934.

Ásgeir Ásgeirsson.